

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um loftgæði við leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs 20. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum:

Við hvað er miðað þegar leikskólabörnum er haldið inni vegna loftmengunar? Hver ákveður við hvaða loftgæðamæli á að miða á hverjum leikskóla? Fá foreldrar tilkynningar um það þegar halda þarf börnum inni vegna lélegra loftgæða? Geta börn sem eru sérstaklega viðkvæm t.d. vegna astma verið inni ef loftmengun er mikil en undir viðmiðum. Er haldið utan um hversu oft halda þarf börnum á hverjum leikskóla inni vegna lélegra loftgæða? Ef það er ekki gert nú þegar ætti að byrja á því og birta þessar upplýsingar reglulega. Verklag í þessum efnum virðist vera mjög misjafnt milli leikskóla en mikilvægt er að skýrt samræmt verklag sé viðhaft í þessum efnum enda vitað að loftmengun er sérstaklega hættuleg fyrir börn.

Svar:

Það er Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) sem sendir út tilkynningar til skóla, leikskóla, frístundaheimila, dagmæðra og íþróttafélaga þegar loftgæði eru slæm og/eða farið er yfir heilsuverndarmörk mengunarefna eða hætta á að slíkt gerist. Þegar loftgæði eru metin er farið eftir heilsuverndarmörkum í reglugerðum og stuðst við mælingar í loftgæðamælistöðvum í Reykjavík. Það fer eftir mengunarefni hvaða leiðbeiningar eru gefnar varðandi útvist, í tilviki svifryks gætir áhrifanna næst uppsprettu, sem eru stærri umferðargötur en þegar um köfnunarefnisdíoxíð eða brennisteinsvetnismengun er að ræða getur ástandið verið ríkjandi í allri borginni. HER hefur gefið þær ráðleggingar að miða við þá loftgæðamælistöð sem er næst viðkomandi stað, eða þá stöð sem best myndi lýsa því ástandi sem ríkir við viðkomandi stofnun. T.d. myndi leikskóli við stóra stofnbraut geta miðað við Grensásstöðina en slík stofnun í úthverfi miðað við stöð sem stendur fjær umferðarpungum vegi. Þegar um sandstorma er að ræða er ástandið slæmt yfir alla borg og er það ávarpað í tilkynningu. Alltaf er velkomið að hafa samband við HER fyrir nánari leiðbeiningar og hafa margir stjórnendur nýtt sér það. Auk þess að senda tilkynningar á fyrrgreinda hópa og fjölmiðla þá setur HER tilkynningar sínar um loftgæði á vef Reykjavíkurborgar og á vef HER. Upplýsingafulltrúi skóla- og frístundasviðs hefur einnig áframsent upplýsingar um loftgæði til stjórnenda á skóla- og frístundasviði. Hver stjórnandi sér um að tilkynna foreldrum kjósi hann það.

Meginreglan varðandi börn og inniveru er að heilbrigð börn mæta í leikskóla. Hins vegar ef að barn er með alvarleg einkenni astma er það samtal milli starfsfólks leikskóla og foreldra hvort að barn fari út eða ekki þegar loftgæði eru slæm. Erfitt er að búa til ákveðna línu um það



Reykjavíkurborg

hvenær halda á börnum inni og hvenær ekki vegna astma þar sem mjög misjafnar ástæður geta legið að baki slíkum ákvörðunum.

Ekki er haldið miðlægt utan um skráningar á fjölda skipta sem börn þurfa að vera inni í leikskólum vegna loftgæða.